

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um viðurkenningu erlendra kennivottorða
og undanþágu frá skyldu til að hafa vegabréfsáritun, nr. 234 23. mars 2001.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist í stafrófsröð:

BRUNEI

BÚLGARÍA

HONG KONG, sérstjórnarsvæði, handhafar vegabréfa sem gefin eru út af yfirvöldum sérstjórnarsvæðisins.

MAKAÓ, sérstjórnarsvæði, handhafar vegabréfa sem gefin eru út af yfirvöldum sérstjórnarsvæðisins.

b. Í upptalningu við STÓRA BRETLAND í 1. tölul. falli brott: Brunei.

2. gr.

Orðin „frá Búlgaríu“ í 3. mgr. 2. tölul. 3. gr. falla brott.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 46/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 25/2000, öðlast gildi 10. apríl 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. apríl 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Þorsteinn A. Jónsson.